

Flatey á Breiðafirði
08.08.2010

Iðnaðarnefnd Alþingis
Alþingi

**Varðar beiðni um umsögn vegna frumvarps til laga
um verndar- og nýtingaráætlun
vegna virkjunar fallvatna og háhitasvæða, þingskjal 1280 – 660. mál.**

Ágæti formaður og nefndarmenn;

Vegna veikinda hef ég ekki getað sinnt erindi ykkar sem skyldi. Vil þó svara því með fáum athugasemdum.

Lagafrumvarp iðnaðarráðherra, þingskjal 1280 – 660. mál um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar og háhitasvæða ber þess merki að betur eigi að standa að verndun og nýtingu náttúru en áður hefur tíðkast og því fagna ég. Með öðrum orðum þá gefur lagafrumvarpið til kynna að leita eigi leiða til að bæta og vanda stjórnsýslu þar sem virða á menningar- og náttúruverðmæti eins og siðferðisleg skylda okkar krefst.

Engu að síður dregur frumvarp iðnaðarráðherra (þingskjal 1280 – 660. mál) langan taum orkuvinnslu og réttinn til að nýta jarðhita og vatnsréttindi til orkuvinnslu umfram aðra nýtingu – eins og verndun. Höfuðatriði nýtingar er hvergi getið, að því er ég fæ séð, en það er vistkerfavernd sem er mikilvægt langtímamarkmið og ég mun gefa dæmi um síðar. Ef virða skal einhverja nýtingu til langs tíma eins og forsendur frumvarpsins gefa til kynna, þá eru þær vistfræðilegar umfram efnahagslegar. Ástæðan ætti að vera öllum ljós, spjöll á vistkerfi er eyðilegging á auðlind. Sé auðlindum spillt eða eytt verður efnahagslegi ávinningurinn einungis skamvinnur og því ekki í anda sjálfbærrar þróunar. Þrátt fyrir að sjálfbærni eigi að vera leiðarljós í frumvarpinu, ber það keim af því að orkugeirinn hefur skilgreint sjálfbærni á sinn sérkennilega hátt sem stenst engar alþjóðlegar viðmiðanir. Hér verður að setja skýrar reglur og alvöru viðmiðanir en skilgreining á sjálfbærni er ekki tilgreind í *2.gr. um Gildissvið og skilgreiningar*. Bæta þarf úr því svo ekki fari á milli mála við hvað er átt.

Sá alvarlegi annmarki er á frumvarpinu að það snýst aðallega um virkjanabrask. Hvergi er að sjá siðferðislegar leikreglur um heildarverðmæti auðlindar einkum þegar virkjanahugmyndir ógna öðrum hagsmunum. Ekkert raunhæft aðhald er á þingheim og þá er hætta á að faglegum og langtíma sjónarmiðum verði kastað fyrir róða.

Þess er getið að gildum og viðmiðunum Rammaáætlunar eigi að viðhalda. Rammaáætlun er afar umdeild einkum þó viðmiðanir er varða efnahagslegar forsendur og arðsemismat virkjana sem eru meira og minna úr lausu lofti gripnar og miklu fremur skáldlegt græðgismat en fræðileg úttekt og ber að afnema og vinna á ný. Falskar viðmiðanir um arðsemismat í Rammaáætlun eru ekki boðlegar Alþingi né almennungi. Vonir stóðu til að frumvarp það sem hér um ræðir myndi taka á vanköntum Rammaáætlunar og setja skýra sýn og viðmið um verndun og nýtingu landgæða, en í staðinn er vísað aftur til Rammaáætlunar sem skortir heildstæða efnahagslega sýn og gildi.

Sú grundvallarregla verður að vera til staðar að hvorki Alþingi né ríkisstjórn eigi að geta heimilt virkjanir þar sem vistfræðilega þekkingu vantar og miklir auðlindahagsmunir til langs

tíma geta verið í hættu. Þótt Alþingi hafi margoft heimilað slíkar virkjanir þá eru þau vinnubrögð sorgleg, forkastanleg og ekki boðleg nútíma upplýstu samfélagi. Alþingi verður að vinna á faglegum forsendum en ekki sérhagsmunatengdum eins og dæmi sanna. Almannahagsmunir felast í heilbrigðum vistkerfum til langs tíma og verða að vera leiðarljós Alþingis umfram alla aðra hagsmuni. Um það snýst sjálfbærni, sem reyndar í orði er leiðarljós frumvarpsins. Greinilega þarf að skilgreina við hvað er átt með því, eins og bent var á hér að ofan.

Dæmi um uggvænleg mistök til langs tíma eru virkjanir í helstu jökulám sem munu hafa áhrif á hrygningasvæði þorsks við strendur landsins. Mikil reynsla og allnokkur þekking er fyrir hendi víða um veröld um alvarleg auðlindaspjöll í sjó þegar aurugar ár eru virkjaðar. Í stað þess að standa ávallt vörð um almenningshagsmuni og að náttúran eigi að njóta vafans hefur þingheimur skýlt sér á bak við óvissu, mistúlkanir og takmarkaðar rannsóknir við Ísland – og að framkvæmdir eigi að njóta vafans. Slíkum vinnubrögðum verður að breyta. Þingskjal 1280 gefur ekki til kynna að nein hætta sé á ferð þegar vatnsföll eru virkjuð og því verður ákvæði um verndun auðlinda að vera inni í frumvarpi sem þessu, eða í það minnsta vísa til ákvæða náttúruverndarlaga og alþjóðlegra samþykka sem við erum aðilar að. Í frumvarpið vantar skýr ákvæði um að ekki sé heimilt að spilla auðlindum landsmanna.

Í frumvarpi um verndun- og nýtingu vegna virkjunar fallvatna og háhitasvæða þykir sjálfsagt að hafa ákvæði um að leyfa orkurannsóknir á friðlýstum svæðum. Hér kveður við allt annan tón en er að finna í anda og markmiða laganna. Friðlýsing svæðis er samkomulag til langs tíma og þýðir að þingheimur hefur tekið frá svæði fyrir almenning um ókomna tíð. Friðlýst land er eins konar sáttmáli þings og þjóðar um að virða land og leikreglur. Af þessum ástæðum eiga orkurannsóknir (sem oftast en ekki eru bæði landfrekar um umfangsmiklar) ekki heima á friðlýstu landi og tilraunir til að laumast þar inn til orkurannsókna og hugsanlega vinnslu síðar er bæði óheiðarlegt og ósiðlegt. Alþingi ber að vinna að trausti milli manna en ekki vantrausti. Þetta ákvæði grefur undan trausti á Alþingi.

Þá er til að taka að orkurannsóknir ætti aðeins að leyfa með þeim sjálfsögðu skilyrðum að rannsókaradilinn skilji lítil sem engin spor eftir sig á rannsóknasvæðinu. Eftirlitsaðili ætti að standa vörð um öll rannsóknasvæði og heimila aðeins þá umferð sem litlu eða engu spillir. Hellsheiðarvirkjun og ófyrirgefanlegu umhverfisspjöllin á Þeistareykjum og í Gjástykki ættu að vera öllum þingmönnum víti til að varast.

Enn má velta upp stóru spurningunum um það hve lengi á að virkja, hver er framtíðarsýnin fyrir þær verndar- og nýtingaráætlanir sem vinna á? Hve lengi á að hvetja til orkurannsókna á svæðum jafnvel friðlýstum (sem undirstrikar að ekkert er í raun friðlýst), hve lengi á að fórna náttúrugæðum landsins með því að berast stjórnlaust undan vindi orkukrefjandi fyrirtækja og framkvæmda – áður en því er velt fyrir sér hvað á að vernda og hve mikið á að virkja og fyrir hverja. Með öðrum orðum, framtíðarsýn og gildi sem geta verið leiðarljós við verndar- og nýtingaráætlanir vantaði í Rammaáætlun og slíka sýn vantar enn hér.

Það er er löngu tímabært að heildarúttekt verði gerð á höfuðstóli íslenskrar náttúru – áður en lengra er haldið í virkjanaóráðsú. Virkjanir hafa sáralitlu skilað til þjóðarbúsins öðru en spennu í hagkrefinu til skamms tíma (nú síðast með hörmulegum afleiðingum) og heiftarlegum deilum manna á milli. Flestar virkjanir eru beint og óbeint niðurgreiddar svo óþarfi er að flýta fyrir þeim. Því skal einnig haldið til haga að því miður virðist sem iðaðarráðuneytið hafi ekki náð að þróast í takti við tímamann og nútímaleg sjónarmið um sjálfbærni og varkára nýtingu náttúruauðlinda. Höfuðstóll íslenskrar náttúru rýrnar sífellt með aðgerðum iðnaðarráðuneytis vegna þess að ráðuneytið hefur aldrei haft höfuðstólinn að leiðarljósi heldur verkfræðilegt mat á orkukostum. Sá andi svífur enn yfir sumum ákvæðum

frumvarpsins í stað samræmdrar heildarstefnu um verndun, nýtingu og sjálfbærni sem ávallt hefur vantað.

Að lokum þetta: Þingskjal 1280 – 660. mál um verndun og nýtingu er ákaflega æskileg tilraun til að halda utan um auðlindir landsins en hætta er þó á því að það muni duga skammt nema vankantar verði sniðnir af því. Þá þarf að tryggja öfluga aðkomu almennings og frjálsra félagasamtaka í anda Árósasamnings, að gerð verndar- og nýtingaráætlana, ekki sýst þar sem þær eru bindandi fyrir skipulagsáætlanir og hin hefðbundna aðkoma almennings þar því haldlítill þegar kemur að þeim landsvæðum sem áður hefur verið fjallað um í verndar- og nýtingaráætlun. Þingmenn og ráðuneyti þurfa aðhald. Bankahrunið kenndi okkur það og auðlindir landsmanna mega ekki fara sömu leið. Ný náttúruverndarlög eru í uppsiglingu. Þau varða langtímahagsmuni íslensku þjóðarinnar og verða vonandi leiðarljós í vernd og nýtingu náttúruauðlinda.

Að lokum óska ég iðnaðarnefnd gæfu til að stýra þessu verki farsællega.

Virðingarfyllst,

Guðmundur Páll Ólafsson